

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um móttöku vegna samgöngusáttmála*

Á fundi forsætisnefndar 29. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um móttöku vegna samgöngusáttmála:

Þann 1. nóvember 2019 var haldinn í Höfða kvöldverður í tilefni af samgöngusáttmálanum og þangað boðið sveitastjórum, ráðherrum og fleirum. 1. Hvaða starfsfólki ráðuneytanna sem höfðu unnið að gerð samgöngusáttmálans var boðið og úr hvaða ráðuneytum? 2. Hvaða starfsfólki sveitarfélaganna sem höfðu unnið að gerð samgöngusáttmálans var boðið og úr hvaða sveitarfélögum?

Með bréfi dagsettu 4. júní 2020 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Við undirritun samgöngusáttmála ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að kalla saman það fólk sem vann að verkefninu af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna, þ.e. ráðherra, borgarstjóra, bæjarstjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem og það starfsfólk sveitarfélaganna sem kom að verkefninu.

Eftirfarandi starfsmönnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins var boðið í móttökuna: ráðuneytisstjóra, tveimur aðstoðarmönnum ráðherra, upplýsingafulltrúa, skrifstofustjóra samgangna sem var jafnframt fulltrúi í starfshópi um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 (hér eftir nefndur starfshópur) og sérfræðingi á skrifstofu samgangna sem starfaði jafnframt með starfshópnum.

Eftirfarandi starfsmönnum forsætisráðuneytisins var boðið í móttökuna: sérfræðingi á skrifstofu stefnumála sem var jafnframt fulltrúi í starfshópnum og aðstoðarmanni ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Eftirfarandi starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytisins var boðið í móttökuna: aðstoðarmanni ráðherra og skrifstofustjóra stjórnunar og umbóta sem var jafnframt fulltrúi í starfshópnum.

Eftirfarandi starfsfólki Reykjavíkurborgar var boðið í móttökuna: borgarritara, skipulagsfulltrúa, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofustjóra eignaskrifstofu, sérfræðingi á fjármála- og áhættustýringarsviði, sérfræðingi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem var jafnframt fulltrúi í starfshópi og aðstoðarmanni borgarstjóra.

Eftirfarandi starfsfólki Kópavogs var boðið í móttökuna: lögfræðingi á stjórnsýslusviði sem var jafnframt fulltrúi í starfshópi.

Vert er að geta að ekki sáu allir boðsgestir sér fært um að mæta í móttökuna og því er munur á fjölda þeirra sem vísað er til í fyrra svari frá 27. maí sl. og varðar þá sem sátu kvöldverðinn og þeirra sem getið er um í þessu svari og varðar boðsgesti sem voru 35 talsins.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir

Dagný Ingadóttir